

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Hafnarfirði, 12. maí 2021

Efni: Umsögn um endurskoðun á almennri eigandastefnu ríkisins

Vísað er til endurskoðunar á almennri eigandastefnu fyrir félög í eigu ríkisins sem birt var á samráðsgáttinni 23. apríl 2021. Um leið og félagið fagnar endurskoðuninni óskar það eftir að koma að nokkrum almennum athugasemdum við stefnuna.

Athugasemdirnar eru settar fram í sömu röð og í skjalinu án sérstakrar forgangsröðunar og miða helst að því að skerpa á orðalagi eða til að skýra óljóst orðalag.

Í formála er vikið að því markmiði að „halda utan um félög ríkisins.“ Sennilega nær orðalagið „að halda utan um eignarhald í félögum ríkisins“ betur þessari hugsun?

1. Grundvöllur eignarhalds

Vísað er til flokkunar fyrirtækja í eigu ríkisins út frá forsendum eignarhaldsins sem er jákvætt. Mikilvægt er að meginröksemdir fyrir eignarhaldi ríkisins á grundvelli þessarar flokkunar sé ljós og sérstaklega hvaða almannahlutverki er sinnt af hálfu fyrirtækjanna.

2. Markmið ríkisins með eignarhaldi

Í kaflanum er vikið að því að hámarka arðsemi ríkisfélaga. Félagið bendir á í þessu sambandi að mikilvægt sé að horft sé til langtímasjónarmiða í tengslum við arðsemi enda hljóti áherslur ríkisins að liggja þar. Þá er vísað í textanum til samfélagseigna en óljóst er hvað átt er við með hugtakinu og mætti skýra nánar.

2.1.1 Að umsýsla ríkisins með eignarhluti í félögum stuðli að trausti og trúverðugleika

Í textanum er vísað til þess að stjórnir komi fram fyrir hönd ríkisins. Heppilegra er að nota orðalagið „fyrir hönd fyrirtækja“ í eigu ríkisins þar sem þeir eru sjálfstæðir í störfum sínum.

Á nokkrum stöðum í stefnunni er notað orðalagið samfélagsleg ábyrgð. Félagið telur heppilegra að nota *sjálfbærni* þar sem það innifelur efnahag, umhverfismál og samfélagslega ábyrgð. Erfitt er að horfa á einn þátt sjálfbærni óháð öðrum.

2.1.3 Að stuðla að hagkvæmni í rekstri og fjárfestingum að teknu tilliti til hlutverks og áhættu

Tryggja skal að þau félög sem ríkið á hlut í skili viðunandi arði til hluthafa. Líklega er betra að nota orðið „arðsemi“ nema verið sé að vísa til arðgreiðslna.

2.1.4 Að fjárfestingarstig samræmist hagstjórnarlegum markmiðum stjórnvalda

Varðandi þann punkt að æskilegt sé, eftir því sem kostur er að félög dragi úr fjárfestingum á þenslutímum en auki þær við efnahagslegan samdrátt þá er mikilvægt að bæta við að stjórnendur og stjórnir félaganna skuli ávallt hafa hagsmuni viðkomandi félags að leiðarljósi.

2.1.5 Að stuðla að samfélagslegum og umhverfislegum markmiðum stjórnvalda

Hér er vikið að því að stjórn og stjórnendur „skulu“ fylgja áherslum stjórnvalda við innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Eðlilegra að setja inn að félag skuli „kappkosta“ við að fylgja og setja sér markmið og að þessi markmið skulu vera í takt við markmið stjórnvalda.

3. Skipulag eigandahlutverksins

Félagið fagnar mjög þessari umgjörð og skipulagi eigandahlutverksins og eftirliti með umsýslu þeirra.

Tafla á bls. 12:

7. Samfélagsleg verkefni sem félagi eru falin skulu fjármögnuð með beinum framlögum í þeim mæli sem tekjur standa ekki undir kostnaði. Mætti vera skýrara hvaðan þessi beinu framlög eru að koma.

12. Félag skal gæta hlutlægni og jafnræðis við innkaup og ráðstöfun eigna og aðrar fjárhagslegar ráðstafanir. Hér mætti bæta við gagnsæi.

5.1 Stjórnun og skipulag

b. Líklega er hlutverk stjórnar og stjórnenda ekki að tryggja sérstaklega framgang þessarar eigandastefnu heldur að gæta þess að rekstur félaganna sé í samræmi við eigandastefnuna.

5.4 Starfshættir og vinnulag

j. Félög sem njóta sérstakrar stöðu í krafti laga, einokunar eða stærðar skulu gæta sanngirni og hófs í framgöngu gagnvart viðskiptavinum, samstarfsaðilum og samkeppnisaðilum. Hér getur eignarhald ríkisins verið ástæða þess að rekstur félags er í þessu eignarhaldi t.d. rekstur alþjóðaflugvallar sem er takmörkuð auðlind og gera má ráð fyrir að ekki séu allir sammála um *sanngirni* og *hóf* t.d. á vali rekstraraðila. Þar sem margir vilja komast að þeirri auðlind að selja farþegum vörur og veitingar, en takmörkuð auðlind kallar á val. Hér ætti því frekar að notast við orð eins og gagnsæi, jafnræði og hlutlægni.

5.6 Upplýsingagjöf, árangursmælingar og samskipti við fulltrúa eiganda.

Félagið telur nauðsynlegt að ávallt séu settar formlegar arðsemiskröfur óháð arðgreiðslustefnu.

Félagið óskar eftir því að fylgja frekar eftir þessum athugasemdum á fundi með ráðuneytinu.

F.h. Isavia ohf.

Karl Alvarsson, yfirlögfræðingur